

eða fleirum af þeim, sem sókt hafa, og stjórnarráðið hefir ekki getað veitt neinn styrk.

1867.

26. febrúar.

**10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um aukaútsvar af landsprentsmiðjunni í Reykjavík.**

27. febrúar.

Af því vakið hefir verið máls á, hvort að heimild sé fyrir því samkvæmt 19. grein í reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 að heimta af landsprentsmiðjunni í Reykjavík aukaútsvar til bæjarfélagsins í tódum kaupstað, hafid þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi dagsettu 27. júnímán. f. á. látið það álit yðar í ljósi, að það verði að skoda stofnun þessa, — sem fer með bjargræðisveg í bæjarfélagi Reykjavíkur, eins og hver annar borgari, — sem laga-persónu, er eigi þar heima og að því leyti verði talin með bæjarmönnum, og hafid þér því beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér látið greiða bæjarfélagi Reykjavíkur úr sjóði prentsmiðjunnar aukaútsvar það, sem jafnað hefir verið á hana fyrir árin 1864 og 1865, og sömuleiðis framvegis skattgjöld þau, sem jafnað kann að verða á prentsmiðjuna samkvæmt lögum þeim, er gilda.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður kunnngjört yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið hér með fellst á uppástungu yðar.

**11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, amtmannanna og stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun tillags til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir fæstyryk þann, er embættismenn á Íslandi eru skyldir að kaupa handa konum sínum.**

28. febrúar.

Til þess að komast hjá vandkvæðum þeim, sem skipulag